

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að heita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 4 120.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 4 120.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og önnur þjónusta, sem rafveitan veitir, að ósk notenda, skal greiða gjald, kr. 4 120.00.

V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau, sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

20% söulskattur, ásamt 19% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, er innifalið í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlutu eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 367, frá 4. október 1978, ásamt breytingum frá 16. mars 1979 og 1. apríl 1979.

Iðnaðarráðuneytið 23. maí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108,
10. febrúar 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- A) Fastagjald kr. 785.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- B) Vatnsgjald kr. 2 005.00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

Flutningsgjald	kr. 665.00
Heitt vatn	— 1 340.00

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss							
(utanmál)	m ³	Heimæðargjald					
Allt að	600	465 440.00					
600—	2000	465 440.00	fyrir	600 m ³ +	290 kr./m ³	þar	yfir
2000—	6000	871 440.00	—	2000 —	+ 249	—	—
6000—	10000	1 867 440.00	—	6000 —	+ 216	—	—
Meira en	10000	2 731 400.00	—	10000 —	+ 191	—	—

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum að mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 43 395.00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1979 sbr. auglýsingu nr. 191/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 22. maí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 239

30. apríl 1979.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Eyjafjarðarsýslu,
nr. 155 30. júní 1943.

1. gr.

Við 37. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Í Grímsey er allt hunda- og kattahald bannað.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. apríl 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.